

— *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um yfirsetunám í Kaupmannahöfn.* — Áður en bónarbrjef það, er jeg meðtók með þóknanlegu brjefi yðar, herra sýslumaður, frá 31. f. m., til stjórnar fæðingar- og hjúkrunarstofnunarinnar í Khöfn um frípláss á nefndri stofnun handa stúlkunni Ingibjörgu Jónsdóttur, er sent til nefndrar stjórnar, verð jeg að álíta nauðsynlegt að útvegað verði til að fylgja beiðninni vottorð hlutaðeigandi sóknarprests um aldur hennar og annað það, er í þessu efni kemur til greina, einkum um næmi hennar, kunnáttu í danskri tungu og siðferði, svo og vottorð hjeraðslæknisins um, hvort hún sje vel lagin til að nema yfirsetufræði. Jeg vil því, haldi nefnd stúlka áfram ósk sinni um, að verða tekin sem námsmey á fæðingarstofnunina í Khöfn, skora á yður, herra sýslumaður, að útvega og senda mjer nefnd vottorð.

Að því er viðvíkur fyrirspurn yðar, herra sýslumaður, í tjeðu brjefi um, hvort kostnaðurinn við nám hennar í Kaupmannahöfn muni geta fengizt endurgoldinn úr landssjóði samkvæmt 4. gr. laga 7. desbr. 1875, vil jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda það, er hjer segir:

Þó að 5. gr. nefndra laga veiti yfirsetukonum þeim, er tekið hafa próf á fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn, jafnan aðgang til að verða skipaðar yfirsetukonur og þeim, er tekið hafa próf í yfirsetufræði hjá landlækni eða hjeraðslæknum þeim, er greinin ræðir um, gjöra lögin ráð fyrir, að yfirsetukonur hjer á landi, að eins að undan teknum yfirsetukonunum í Reykjavík, nemi og taki próf innanlands, og verður kennslan hjer að álitast notasælli að því leyti til, að hjer fer kennslan fram á móðurmáli hlutaðeiganda, en til að geta numið og tekið próf í Kaupmannahöfn útheimtist, að hlutaðeigandi kunni danska tungu til hlítar. Af þessu leiðir, að kostnaðurinn við kennslu yfirsetukonu samkvæmt 4. gr. laganna getur ekki orðið ávísað til útborgunar úr landssjóði með hærri upphæð en þeirri, er nám hennar hjer á landi myndi hafa í för með sjer, og 4. gr. laganna veitir landshöfðingja, að mínu áliti, ekki heimild til að ávísar til útborgunar úr jarðabókarsjóði öllum kostnaðinum við nám yfirsetukonunnar í Kaupmannahöfn, en að eins nokkrum hluta hans, eða sem svarar þeirri upphæð, er nám hennar hjá landlækni myndi hafa kostað. Þar eð það er einnig skilyrði fyrir því, að nefndur kostnaður verði greiddur úr landssjóði, að hlutaðeigandi sje skipuð í yfirsetukvennahjerað hjer á landi, mun í tilfelli því, sem hjer liggur fyrir, ekki verða spurning um, að ávísar nefndum styrk til útborgunar fyr en hlutaðeigandi er komin aptur hingað til lands og er skipuð yfirsetukona samkvæmt 2. gr. laganna.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um fangahúsið á Akureyri.* — Jafnframt því að senda yður, herra amtmaður, hjálagða jarðabókarsjóðsávísun að upphæð 123 kr. 81 e., til endurgjalds á kostnaði þeim, er bæjarfógetinn á Akureyri hefir greitt til viðhalds fangahúsínu sama staðar, vil jeg hjer með í tilefni af skýrslu yðar um galla þá, sem eru á fangahúsi þessu, að því er snertir ofnana í fangaklefunum, veita yður heimild til að láta ráða bót á tjeðum göllum á þann hátt, sem á er vikið í þóknanlegu brjefi yðar frá 1. f. m., eða á þann hátt, er yður kynni að virðast haganlegastur, eptir að þjer hafið borið yður saman við menn, er víf hafa á slíkum hlutum.

Jeg er samdóma yður, herra amtmaður um, að það væri æskilegt að skipa fastan fangavörð við hið umrædda fangahús og gjöra honum að skyldu að dvelja í